



**Afmæliskveðja
til Karlakórs Reykjavíkur
frá forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Karлакór Reykjavíkur stendur á tímamótum og minnir okkur með hljómfögum söng á glæsta sögu; raddirnar blæbrigðaríkar og leikandi léttar, ýmist með himinskautum eða mildar og lágstemmdar en ætíð í réttum takti við túlkunina, skapa augnablikin sem verða okkur ógleymanleg.

Kórinn hefur verið gildur strengur í þjóðarsál, söngurinn tjáð ást okkar til ættjarðarinnar, óðinn til náttúru og tungumáls, tilfinningar sem tengja okkur saman.

Karлакór Reykjavíkur er hluti af sjálfsvitund Íslendinga, í senn þátttakandi í þjóðlífinu og áhrifavaldur í menningarþróun. Hann hefur gert margar söngperlur að þjóðareign og stuðlað að framrás tónlistarlífsins; nýsköpun og frumflutningur jafnan verið ríkur þáttur í dagskrá hans.

Margar frægðarferðir hafa aukið hróður kórsins og á fyrri öld komust sumar í tölu stórtíðinda – og enn er kórinn að vinna sigra á erlendri grundu; það þekki ég af eigin raun enda oft orðið vitni að því hvernig glæsileg túlkun Karлакórsins hefur hrifið fólk í öðrum löndum.

Ég minnst líka samræðna á æskuárum, ummæla í sjávarþorpi vestur á fjörðum, aðdáunar á stjórnanda kórsins, stoltsins vegna þátttöku afabróður í starfi hans – og á síðari árum hef ég séð hvernig söngurinn hefur haldið mörgum vinum mínum sífellt ungum.

Karлакór Reykjavíkur á ævintýranlegan feril að baki og framlag hans hefur verið svo fjölpætt að við getum aldrei þakkað það sem skyldi.

Á afmælishátíð hyllum við kórinn og óskum félögum hans allra heilla um leið og við hlökkum til æ fleiri tónleika í framtíðinni.